



Alþingi
Erindi nr. P 136/193
komudagur 24.11.2008

Nefndarsvið Alþingis
Ragnheiður Bogadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008
Tilvísun: HI08110013/0.3

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 35. mál, námsstyrkir.

Tekið er undir það markmið frumvarpsins að draga úr brottfalli nemenda og að mögulegt sé að breyta láni í styrk að hluta.

Rétt er að geta þess að veturinn 2007-2008 starfaði innan Háskóla Íslands nefnd sem m.a. hafði það hlutverk að greina umfang brottfalls við HÍ og ástæður þess. Nefndin aflaði ýmissa upplýsinga um brottfall nema við skólann á undanförunum árum og lét framkvæma í samvinnu við Félagsvísindastofnun viðamikla könnun á ástæðum brottfalls (spurningarkönnun til brottfallsnema). Nefndin skilaði af sér viðamikilli skýrslu í júní 2008 þar sem m.a. er að finna greiningu á þeim vanda sem brottfall nema við H.Í. er og eru settar fram ýmsar tillögur til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Meginniðurstaða nefndarinnar var sú að skilgreina þurfi brottfall nánar svo skrá megi með ítarlegri og samræmdari hætti brottfall í ólíkum deildum HÍ. Lagðar eru til lykilskilgreiningar á brottfalli sem geta nýst í þessu augnamiði. Starf nefndarinnar leiddi í ljós að ýmislegt af því sem hingað til hefur verið talið brottfall við HÍ er í reynd ekki brottfall. Meirihluti þeirra sem „hættu“ námi við HÍ á árunum 2003–2006 sóttu samkvæmt ofangreindri spurningarkönnun enga tíma við HÍ. Þeir skráðu sig til náms en mættu í reyndinni aldrei. Einnig kom í ljós að ýmsir erlendir skiptinemar, nemar í hlutanámi eða nemar sem höfðu aukaeiningar við útskrift voru skráðir sem brottfallsnemar (eða nemar hættir í námi). Nefndin lagði til ýmsar breytingar á skráningu nýnema sem eiga að geta girt fyrir að brottfall verði oftalið með þessum hætti. Vert er að árétta að nefndin taldi brottfall nema við HÍ engu að síður verulegt vandamál sem vinna þurfi gegn með faglegum og félagslegum úrræðum sem tíunduð eru í skýrslunni. Áfram er unnið að úrbótum á grunni ábendinga í skýrslunni.

Þess misskilnings virðist gæta í b. lið 2. gr. frumvarpsins að reglur viðkomandi skóla um námstíma á einstökum námsleiðum séu háðar samþykki menntamálaráðherra. Hver háskóli fyrir



sig setur reglur um námstíma innan ramma laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, laga nr. 63/2006 um háskóla og viðmiða um æðri menntun og prófgráður sem ráðuneytið gefur út skv. 5. gr. síðarnefndu laganna.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands

Ingiþórunn Halldórsdóttir
Ingiþórunn Halldórsdóttir
lögfræðingur